

## **Tilkynning frá Stangaveiðifélagi Akraness um sölu og úthlutun veiðileyfa 2014 og aðalfund árið 2014**

Aðalsöludagur veiðileyfa verður laugardaginn 25. jan. n.k. og fer fram að Suðurgötu 108. Þeir sem ætla að kaupa veiðileyfi draga númer frá kl. 11:00-12:00 og verða leyfin afgreidd eftir þeim númerum kl. 14:00 sama dag. Mánudaginn 27. jan. kl. 20:00-21:00 verða óseld veiðileyfi seld félagsmönnum á skrifstofu félagsins að Suðurgötu 108, eftir það verða þau einnig boðin utanfélagsmönnum.

Félagar þurfa að velja sér veiðifélaga og ber að nafngreina þá og veiðiá áður en númer er dregið og dregur einn fyrir sig og sína veiðifélaga. Fjarstöddum félögum er heimilt að gefa öðrum skriflegt umboð til að draga fyrir sig. Skylt er að greiða árgjald fyrir söludag.

**Ekki verður tekið á móti greiðslu félagsgjálða á söludegi.** Ákveðið hefur verið að gefa félagsmönnum kost á gjaldfresti á 50% keypta veiðileyfa.

Greiðsluseðlar verða sendir út í mars/apríl fyrir eftirstöðvum veiðileyfa með eindaga 1. maí, eftir það verða þau seld öðrum. Ef veiðileyfin eru staðgreidd á söludegi verður gefinn 5% afsláttur af helmingi verðs, sem annars greiðist fyrir 1. maí.

Veiðileyfi verða seld eftir sömu reglum og áður, þannig að menn hafi frjálst val í þeirri röð sem afgreiðslunúmer þeirra segir til um ef þeir eru mættir er sala hefst og kemur að þeirra númerum.

Í **Fáskrúð** eru tveggja daga holl, í fjórum hollum eru 3 stangir, en annars tvær. Stangirnar eru seldar saman út á nöfn tveggja félagsmanna. Í verðskrá eru upplýsingar um daglegan veiðitíma, fjölda stanga og kvóta.

Í **Andakílsá** eru dagarnir seldir með báðum stöngunum út á nöfn tveggja félagsmanna. Á stöku dögunum hefst veiði að morgni og lýkur að kvöldi.. Á stöku dögunum má koma í húsið kvöldið fyrir veiðidag.

Í verðskrá eru upplýsingar um daglegan veiðitíma.

Ef ágreiningur kemur upp um ofanskráðar reglur áskilur stjórnin sér rétt til að skera þar úr í hverju tilfelli.

**Aðalfundur Stangaveiðifélags Akraness 2014**  
**verður haldinn miðvikudaginn 15. janúar kl. 20:00 að Suðurgötu 108**

Fundarefni:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

**Stjórn SVFA**

**Vinsamlegast greiðið félagsgjaldið tímanlega með greiðsluseðli, það auðveldar vinnu stjórnar á söludegi.**

**Ekki verður tekið við greiðslu á félagsgjaldi á söludegi.**

Verðskrá er á bakhlið